

mismunandi merkingu f svo undur margt. Aðallega tákna siðir skoðanir manna á segurð, velsæmi og rjettlæti.

Fair nota sama mælikvarða fyrir segurð. Menn leggja mismunandi skoðun f hvað sje sómasamlegt — velsæmi. Hugmyndir í manna um rjettlæti eru óteljandi. Þess vegna eru siðir manna, er ráða lífnaðarháttum mjög svo breytilegir. "Hverjum þykir sinn fugl fagur", "sfnum augum lítur hver á silfrið", mæla málshættirnir.

Hugsanirnar, meðan þær eru að eins hugsanir, eru augnabliks hræring meðvitundarlífsins. Sama hverjar þær eru, hvort það er hugboð vort um segurð, um ást, um gildi lífsins.

En þegar þær fara að verka á viljann, fara að koma fram f tilraunum vorum, eru þær orðnar holdi klæddar. Þær halda sjer, sem hugsanir, en búast sýnilegum búningi. Búningurinn er hreyfingar, verknaður og gjörðir manna. Og hver hugsun klæðist búningi þeim, sem hennar er mest við hæfi. Ef hann er þunglamalegur er það af því hugsunin er sjálf óskýr. Ef hann er einrænn er það af því hugsunin er einræn. Það er lögmál alls heims, að hver lífstilvera öðlast þann lískamsbúning sem bezt er við hennar hæfi, hvert það er heldur blóm jarðar, eða trje, eða dýr, eða maður, eða hugsun manns.

Ljótt latbragð, hverju fügru nafni sem það er nefnt, ber ótvíræðan vott um lága segurðarhugsun og velsæmi. Í nöfnum þeim sem því er gefið felst oft sterkt, hjúpuð sjálfblekking; til þess að veita því heimild, og hlýfð, og þaggja mótmæli æðri hugsana. Pannig er ljótt latbragð stundum nefnt gaman, spaug, gletni, "góður tím".

Siðir vorir miðannanna eru hugsanir vorar holdi klæddar, færðar í sýnilegan búning. Talað er þess vegna um ósiði, siðleysi. Þykir hvorttveggja, að rjettu lagi, bera vott um andlegt þroskaleysi. Þjóðir þær sem eru lágt hugsandi, bera vott hugsunarháttarins f síðum og háttsemi, hafa því verið nefndar ósiðaðar, eða viltar. Villipjóðir eða ósiðaðar þjóðir er talið vera eitt og hið sama.

Margar siðaðar þjóðir eru að eins siðaðar f vissum efnum. Fjölða margir menn þeirra sömu þjóða standa svo ýmist ofar eða